

Sigprúður Loftsdóttir

Ég held að það hafi verið fyrst og fremst áhugi fyrir fólki og velferð einstaklinga sem hvatti mig til að skoða iðjubjálfun sem framtíðarstarf. Hugmyndafræði iðjubjálfunar höfðaði sterkt til mín. Það að horfa heildrænt á aðstæður einstaklingsins og efla hann til sjálfshjálpar líkaði mér vel.

Ég lærði iðjubjálfun í Ergoterapiskolen í Álaborg í Danmörku og útskrifaðist þaðan árið 1997. Síðan þá hef ég að mestu leyti unnið við langtíma endurhæfingu einstaklinga sem hafa lent í alvarlegum slysum eða miklum veikindum, aðallega á endurhæfingardeild Landspítala Grensási. Þar vann ég að fjölbreyttum verkefnum, bæði í skjólstæðingsvinnu og í faglegri framþróun. Ég er í teymisvinnu og samvinnu við fjölda fólks á hverjum degi. Þetta eru skjólstæðingar, aðstandendur þeirra, fagfólk sem vinnur á deildinni og er úr fjölmörgum heilbrigðisstéttum og loks fagfólk frá öðrum stofnunum og fyrirtækjum.



Skjólstæðingar mínir hafa margir orðið fyrir alvarlegri færniskerðingu m.a. vegna heilaskaða eða lömunar. Það er mikil ögrun fólgin í því að finna leiðir til þess að mikið hreyfihamlaður einstaklingur geti tekið þátt í lífinu á ný. Um leið er það krefjandi og skemmtilegt verkefni. Það krefst hugmyndaflugs, þolinmæði, útsjónarsemi og mikillar samvinnu við einstaklinginn, aðstandendur hans og allskonar fagfólk. Það er mikil vinna fyrir alla, en þegar vel tekst til er árangurinn eftir því.

Með því að fylgjast með skjólstæðingum mínum hef ég lært, að aðlögunarhæfni fólks er einstök. Það er hægt að skapa sér ánægulegt líf þrátt fyrir að lömun komi í veg fyrir að maður geti sjálfur sinnt sínum líkamlegu þörfum. Hlutverk mitt sem iðjubjálfa er einmitt stórt í endurhæfingu þessara einstaklinga. Iðjubjálfar eru sérfræðingar í hjálpartækjum og hugsa lausnarmiðað. Ég vann í því með einstaklingnum að finna heppileg hjálpartæki, sem reyndar eru ekki alltaf til, þannig að oft hef ég þurft að finna upp nýjar lausnir eða aðlaga tæki að þörfum viðkomandi.

Ég á erfitt með að lýsa þeirri ánægju sem fylgir því að sjá einstakling takast á við lífið á ný eftir langvinna og erfiða endurhæfingu. Að fá að fylgjast með fólki rísa upp úr aðstæðum sem okkur hinum finnst óskiljanlegar og skapa sér innihaldsríka tilveru. Ánægjan er þeim mun meiri þegar ég veit að iðjubjálfun á stóran þátt í þessum árangri. Með reynslunni hef ég séð sífellt betur, að hugmyndir iðjubjálfunar og verklag okkar eru grundvöllur þess að endurhæfing þessara einstaklinga takist vel.